

á hælinu hófst, og hafi því verið það í merkingu framfærslulaganna þangað til hún andaðist, og þareð enginn fyrirvari er gerður um sjúklinga í 79. gr. framfærslulaganna, sem áður er rakin, verður rétturinn að lita svo á, að stefndur hafi losnað við framfærsluskyldu gagnvart Auði sál. við gildistöku þeirra, eða frá 1. janúar 1936, og á greftrunarkostnaði hennar hefir stefndur eigi tekið sérstaklega ábyrgð.

Verða málalok því þau, að stefndur verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Seyðisfjarðarkaupstaður, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Sigurðar Ólafssonar f. h. ríkisspítalanna, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 14. marz 1938.

Nr. 136/1937. Guðmundur Þorvaldsson

gegen

Guðrúnu Pétursdóttur.

Barnsfaðernismál.

Úrskurður hæstaréttar.

Málsaðiljum kemur saman um það, að áfrýjandi hafi komið tvisvar á heimili stefndu í septembermánuði 1935. Heldur stefnda því fram, að þau hafi í bæði þessi skipti haft líkamlegar samfarir, en áfrýjandi fullyrðir, að ekki hafi orðið af samförum þeirra á milli í síðara skiptið, sökum þess að þá hafi verið rúmfastur kvenmaður heima í herbergi stefndu. Stefnda hefir hinsvegar neitað því, að nokkur kvenmaður hafi þá verið rúmliggjandi í her-

bergi hennar. Vitnið Kristín Steinsdóttir, sem á þessum tíma bjó í sama húsi og stefnda, en ekki í sama herbergi, hefir borið það, að kvöld eitt síðast í september 1935, að hana minnir, hafi áfrýjandi slegist í för með vitninu og stefndu á Lindargötunni, og hafi þau þá öll farið heim til stefndu og inn í herbergi hennar. Hafi þá þáverandi sambýlisstúlka stefndu, Kristín Sigurðardóttir að nafni, sofið í rúmi þar í herberginu. Áfrýjandi hafi þá aðeins átt þar stutta viðdvöl, og hafi nefnd Kristín Sigurðardóttir alltaf verið þar inni á meðan.

Kristín þessi Sigurðardóttir hefir ekki verið krafín vitnisburðar í málinu. En þar sem skýrsla hennar fyrir rétti viðvíkjandi framangreindu atriði, sem málsaðiljar eru ósammála um, kynni að geta skipt máli, þá þykir rétt að fresta dómsuppsögn í málinu og skylda héraðsdómarann til þess að hlutast til um það, að nefnd Kristín Sigurðardóttir verði leidd sem vitni í málinu og skýrsla tekin af henni um það, hvort hún hafi sjálf orðið vör við eða viti til þess á annan hátt, að áfrýjandi hafi á umræddum tíma ásamt stefndu komið heim í herbergi það, sem þær stefndu bjuggu saman í á Klapparstíg 12, þegar svo stóð á, að hún (Kristín Sigurðardóttir) var í rúmi sínu þar í herberginu, og, ef svo hefir verið, hvort hún geti gefið upplýsingar um það, sem þeim stefndu og áfrýjanda fór á milli í þetta skipti.

Svo ber og að yfirheyra vitnið Kristínu Steinsdóttur nánar um það, hvort hún hafi í umrætt skipti, sbr. vottorð hennar dags. 11. nóvember 1937, dvalizt í herbergi þeirra stefndu og Kristínar Sigurðardóttur allan þann tíma, sem áfrýjandi átti þar viðstöðu, og hvort hún hafi orðið vör við, að Kristín Sigurðardóttir hafi þá vitað um komu áfrýjanda í

herbergið. Einnig ber að spyrja hana um það, hvort umrædd koma áfrýjanda í herbergi stefndu, er Kristín Sigurðardóttir var þar heima, hafi gerzt fyrr eða síðar en það, er vitnið og stefnda hittu áfrýjanda „niður í bæ“ og óku með honum í bifreið, eins og nánar segir í framburði vitnisins í réttarhaldi 14. febrúar þ. á.

Héraðsdómaranum ber að afla upplýsinga um framangreind atriði og önnur, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til, svo fljótt sem verða má.

Því úrskurðast:

Héraðsdómaranum ber að hlutast til um, að framhaldsrannsókn fari fram um framangreind atriði svo fljótt sem unnt er, og að útvegaðar verði aðrar þær upplýsingar, sem framhaldsrannsóknin kann að gefa ástæðu til, að aflað sé.

Miðvikudaginn 16. marz 1938.

Nr. 146/1937. Réttvísín og valdstjórnin

(Theodor B. Lindal)

gegn

Andrési Óskari Ingimundarsyni

(Lárus Jóhannesson).

Bifreiðarslys.

Dómur hæstaréttar.

Eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, átti ákærði að sækja tvo brunaliðsmenn nóttina milli 21. og 22. nóv. 1936 og flytja þá á vettvang, þar sem eldur var